

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 957/2010,
fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr. orðist svo:

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfsseignarstofnun. Stofnaðilar eru: Langanesbyggð, kt. 420369-1749, Norðurþing, kt. 640169-5599, Skútustaðahreppur, kt. 600269-1009, Tjörneshreppur, kt. 650269-5789, Svalbarðshreppur, kt. 640269-1979 og Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640.

Rekstur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga lýtur ákvæðum safnalaga, þjóðminjalaga, laga um þjoðskjalasafn Íslands og reglugerðar um héraðsskjaliasöfn. Safnið starfar samkvæmt siðareglum ICOM.

Með stofnskrá þessari renna allar núverandi eignir Safnahússins á Húsavík og Byggðasafns N-Þingeyinga til sjálfsseignarstofnunarinnar og verða stofnfé hennar, sbr. eignaskrá.

7. gr. orðist svo:

Stjórn skal setja starfsáætlun fyrir hvert ár og sjá um að afla starfseminni tekna. Aðilar að Menningarmiðstöð Þingeyinga skuldbinda sig til þess með stofnskrá þessari að tryggja starfseminni fastar rekstrartekjur í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun hverju sinni.

Aðrar fastar tekjur eru framlag ríkisins vegna héraðsskjaliasafns. Þá aflar stofnunin sér einnig tekna með aðgangseyri, sölu á þjónustu og á annan hátt, s.s. með framlögum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Hugsanlegur arður af rekstri stofnunarinnar rennur óskertur til hennar sjálfrar.

Ef til þess kemur að leggja eigi stofnunina niður, munu sveitarfélögin sem að Menningarmiðstöð Þingeyinga standa, ráðstafa safnkosti í samráði við viðkomandi höfuðsafn en öðrum eignum í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Lausafjármunir stofnunarinnar, ef einhverjir verða, fylgi þá safngripum stofnunarinnar til varðveislu.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 28. nóvember 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. desember 2014